

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.

Arni Helgason

Um gönguseiðasleppingar í Vopnafirði 1982

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VAUST / 8201

April 1982

GÖNGUSEIDASLEPPINGAR Í VOPNAFIRÐI 1982.

12. júlí 1982 fór undirritaður í Vopnafjörð til að skoða gönguseiði, sem áætlað var að sleppa þá um sumarið. Gönguseiðin voru fengin frá fiskeldisstöðinn á Laxamýri. Alls var um að ræða 7500 gönguseiði, sem skiptust þannig á árnar:

Selá	3000 þaraf 2250 örmerkt
Vesturdalsá	3000 þaraf 2250 örmerkt
Hofsá	1500 öll örmerkt

Seiðunum var komið fyrir í flotkössum með 1500 seiðum í hverjum, og voru seiðin fóðruð með sjálfvirkum fóðrurum.

Selá.

Smoltun var vel á veg komin og seiðin spræk að sjá, enda var kössunum fyrirkomið í góðum straumi, þannig að endurnýjun á vatni í kössunum var nægileg. Uggaskemmdir, einkum í eyruggum og bakugga, voru sjáanlegar á velflestum seiðanna í einhverju mæli.

Vesturdalsá.

Flotkassarnir voru í ánni við Torfastaði. Fljótlega eftir komu seiðanna höfðu um 500 seiði drepist í öðrum kassanum, og var það hald manna, að vatnið hefði náð að hitna mjög þann dag, sem þetta gerðist.

Flotkassarnir voru fluttir 12. júlí neðst í ána. 2 dögum síðar munu um 500 seiði hafa drepist í kössunum af sömu orsökum og áður, að haldið er.

Hofsá.

Flotkassinn með gönguseiðunum hafði verið fluttur neðst í ána skömmu áður. Var hann staðsettur þar sem verulega gætti flóðs og fjöru, og var vatnið talsvert salt. Ekki hafði orðið mikil afföll fram til þessa, en vatnið í kassanum var mjög gruggugt og mengað af fóðurleifum.

Ástand seiðanna í öllum ánum var sjáanlega svipað og voru þau spræk. Ekki er hægt að fullyrða um áhrif úggaskemmda á lífslíkur seiðanna, en skemmdir voru talsverðar og eru örugglega ekki til bóta.

Það verður að teljast sennilegt, að þau seiði, sem eftir lifðu af seiðunum í Vesturdalsá hafi orðið fyrir álagi við það að vatn náði í tvígang að hitna svo mjög, að veruleg dauðsföll úrðu. Ekki er óraunhæft að ætla, að það hafi áhrif á lífslíkur þeirra þegar í sjó er komið, og þar með endurheimtur.

Í öllum ánum voru seiðin komin í göngubúning að mestu.

Flotkassarnir, sem notaðir eru þyrfti að endurbæta lítillega. Göt á göflum, sem ætluð eru fyrir vatn að streyma um, eru of lítil og stíflast fljótt af fóðurleifum. Þetta verður til þess, að vatnsstreymi minnkar í kössunum og hætta á mengun og/eða ofhitnun vatnsins í kössunum talsverð. Er sennilegt að þetta sé ástæða fyrir dauðsföllunum í Vesturdalsá, en eins og kunnugt er, þá er straumur ekki mikill þar sem kössunum var komið fyrir. Nauðsynlegt er að stækka þessi göt verulega, og helst hafa rauf með endilöngum gaflinum neðst, en þannig verður hrcinsun á fóðurleifum af botni best.

Ég sendi með teikningu af nýlegri gerð sleppikassa, sem reynt hafa vel.

Árni Helgason.